

Athugasemdir vegna: Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Rammaáætlun.

(Löggð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

30 Holtavirkjun (Þjórsá).

Skyldi íslenska þjóðin einhvern tíma hafa þakkað fyrir þá miklu orku sem Þjórsá hefur gefið okkur undanfarin ár til rafmagnsframleiðslu, orku sem hefur fært fjöldamörgum framleiðslufyrirtækjum til að geta skapað störf og gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Ekki skulum við gleyma þeirri orku sem þetta mikla fljót, runnin ofan úr reginöræfum jökla og eyðisanda, hefur gefið til að lýsa upp heimili landsmanna.

Er Búrfellsvirkjun sleppir, rennur Þjórsá framhjá hinum fornfræga Þjórsárdal, gegnum blómleg landbúnaðarhéruð til sjávar. Í neðri hluta Þjórsá er ætlun Landsvirkjunar að reisa þrjár virkjanir til að nýta fallið í ánni. Efsta virkunin er nefnd Hvammsvirkjun, síðan kemur Holtavirkjun og neðsta virkjunin er nefnd Urriðafossvirkjun.

Áætlað afl virkjunarinnar er um 50 MW.

Fyrirhugað er að mynda stórt lón í farvegi Þjórsár og stöðvarhúsið yrði reist á hlaði jarðarinnar Akbrautar. Inntakslón Holtavirkjunar, Árnslón, verður myndað með stíflu í Árnaskvísl við bæinn Akbraut í Holtum og stíflugörðum í Árnesi. Veitumannvirki verða byggð við Búðafoss ofan við Árnes og þar verður stærstum hluta Þjórsár veitt í Árnaskvísl. Stöðvarhúsið verður staðsett við enda stíflunnar við Akbrautarholt, og frá því mun liggja frárennisskurður að mestu leyti grafinn í austurkvísl Þjórsár niður fyrir Árnessporð. Farvegur Þjórsár Árnessýslumegin yrði vatnslítill eða þurr á 8-9 km kafla. Lónið mun hafa áhrif á tún og beitolönd fjögurra jarða.

Nei, nú skal haldið áfram og blóðmjólka ána, allt til ósa hennar, í stað þess að hlúa að henni og nánasta umhverfi. Þessi virkjunaráform í neðri hluta Þjórsá, veldur óafturkræfum umhverfisspjöllum. Orkustefna ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar er ekki til fyrirmyndar og mun að mínum dómi, verða til háðungar seinna meir, sem dæmi um skammsýni. Nær væri að huga að sjávarfallavirkjunum umhverfis landið. Þá væri betur hægt að hlífa ám okkar og fljótum.

Undirritaður mótmælir þessum áformum Landsvirkjunar og flokkun í Rammaáætlun, sem er Holtavirkjun í Þjórsá og krefst þess að hún verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Grundarfirði 10. Nóvember 2011.

Gunnar Njálsson